



Erindisbréf fyrir fjölskyldunefnd Seltjarnarness

Meginhlutverk:

Fjölskyldunefnd Seltjarnarnesbæjar fer, í umboði bæjarstjórnar, með stjórn og framkvæmd félagsþjónustu í bæjarfélaginu og félagsleg húsnæðismál samkvæmt lögum og reglugerðum er þar að lúta* og því sem bæjarstjórn felur henni.

Þá starfar hún, í umboði bæjarstjórnar, að jafnréttismálum í bæjarfélaginu, samkvæmt jafnréttisáætlun bæjarins, lögum og reglugerðum er þar að lúta* og því sem bæjarstjórn felur henni.

Nefndin skal fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Seltjarnarnesbæjar hverju sinni.

Fjölskyldunefnd Seltjarnarness fer með hlutverk barnaverndarnefndar Seltjarnarness sbr. 4. mgr. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Fjölskyldunefnd Seltjarnarness skal starfa í samræmi við 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og sinnir verkefnum sem nefndinni eru falin í lögum um ættleiðingar nr. 130/1999 og barnalögum nr. 76/2003.

Við vinnslu barnaverndarmála gilda reglur um könnun og meðferð einstakra barnaverndarmála eða málaflokka hjá starfsmönnum fjölskyldunefndar Seltjarnarness, sbr. 3. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, samþykktar af félagsmálaráði 15.5.2008.

Meginhlutverk fjölskyldunefndar er sem hér segir:

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn um félagsleg málefni, málefni fatlaðs fólks og öldrunarþjónustu,
- að veita umsögn um erindi er tengjast félagsþjónustu í Seltjarnarnesbæ,
- að hafa eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gera tillögur til bæjarstjórnar ef úrbóta er þörf,
- að gera tillögu til bæjarstjórnar um stefnumörkun á sviði félagsþjónustu í bæjarfélaginu,
- að hafa eftirlit með starfsemi á vegum bæjarins þar sem veitt er félagsþjónusta og fylgjast með að unnið sé að settum markmiðum, að veitt sé góð þjónusta og að starfsemin sé skilvirk og hagkvæm,
- að sjá til þess að íbúar hafi aðgang að upplýsingum um þá félagslegu þjónustu sem í boði er,
- að veita umsögn um gjaldskrár þjónustu á félagsþjónustusviði,

- að fara yfir tillögur forstöðumanna að fjárhagsáætlun hvers árs hvað varðar þá liði sem falla undir verksvið nefndarinnar,
- að stuðla að viðunandi uppeldisskilyrðum barna og ungmenna með því m.a. að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldna,
- að beita sér fyrir forvörnum í þágu einstaklinga og fjölskyldna,
- að vinna með öðrum opinberum aðilum, svo sem félögum, félagsamtökum og einstaklingum, að því að bæta félagslegar aðstæður og umhverfi í bæjarfélaginu,
- að fara með úrskurðarvald í málefnum einstaklinga, skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglum settum skv. sömu lögum,
- að fjalla um önnur þau mál sem bæjarstjórn felur nefndinni.

Þau mál sem félagsmálastjóri hefur heimild til að afgreiða skulu að öllu jöfnu hafa hlotið umfjöllun á vikulegum afgreiðslufundum starfsmanna félagsþjónustunnar og færð til bókar í fundargerðir afgreiðslufunda.

Félagsmálastjóra er heimilt að afgreiða án staðfestingar fjölskyldunefndar:

- fjárhagsaðstoð skv. reglum um fjárhagsaðstoð hjá Seltjarnarnesbæ, samþ. 22.10.2003,
- heimaþjónustu skv. reglum um félagslega heimaþjónustu hjá Seltjarnarnesbæ, í gildi frá 1.1.2000,
- ferðaþjónustu skv. reglum um ferðaþjónustu fatlaðra og aldraðra á Seltjarnarnesi, samþ. 21.1.2004,
- félagslega liðveislu skv. lögum um málefni fatlaðra og reglum um liðveislu hjá Seltjarnarnesbæ, samþ. 10.2.2010,
- stuðningsfjölskyldur skv. lögum um málefni fatlaðra og gildandi reglum á þjónustusvæði fatlaðs fólks í Reykjavík og á Seltjarnarnesi,
- stuðningsúrræði skv. barnaverndarlögum,
- húsaleigubætur og sérstakar húsaleigubætur skv. lögum um húsaleigubætur og reglum um sérstakar húsaleigubætur hjá Seltjarnarnesbæ, samþ. 24.10.2012,
- úthlutun félagslegra leiguíbúða skv. reglum Seltjarnarnesbæjar um úthlutun félagslegra leiguíbúða,
- umsóknir um dagvist aldraðra skv. reglum dagvistar aldraðra á Seltjarnarnesi.

Félagsmálastjóri kynnir fjölskyldunefnd ársþriðjungslega mál sem hann afgreiðir í umboði hennar. Ef fjölskyldunefnd fær til meðferðar kærumál samkvæmt ákvæðum laga er varða hana, gilda um meðferð kærumálsins reglur stjórnarsýslulaga. Um sérstakt hæfi nefndarmanna og annarra fulltrúa sem rétt hafa til að sitja fundi nefndarinnar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Jafnréttismál:

Meginhlutverk nefndarinnar að því er varðar jafnréttismál er að móta stefnu í jafnréttismálum, vinna að þeim og samræma framkvæmd þeirra í anda gildandi jafnréttisstefnu bæjarins hverju sinni. Meðal verkefna nefndarinnar er:

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar í málefnum sem varða jafnréttismál og veita umsögn um þau,
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um markmið í jafnréttismálum,
- að móta jafnréttismál í víðtækum skilningi í sveitarfélaginu,
- að endurskoða jafnréttisáætlun bæjarins í upphafi hvers kjörtímabils og leggja fyrir bæjarstjórn,
- að fylgjast með og hafa frumkvæði að sérstökum aðgerðum til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna í sveitarfélaginu,
- að gera tillögur um styrkveitingar til einstakra verkefna, félaga eða einstaklinga sem heimildir eru fyrir í fjárhagsáætlun,
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um útgáfu fræðsluefnis og hvers kyns aðra kynningu fyrir íbúa Seltjarnarnesbæjar, fyrirtæki og stofnanir um þau mál sem falla að verksviði nefndarinnar,
- að fjalla um önnur þau mál sem bæjarstjórn felur nefndinni.

Nefndin mótar tillögur til bæjarstjórnar um sérstakar tímabundnar aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna eftir því sem ástæða er til hverju sinni. Jafnréttisnefnd er tengiliður við ráðuneyti jafnréttismála, Jafnréttisráð og Jafnréttisstofu.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna séu fyrst og fremst í þágu allra íbúa sveitarfélagsins og það leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni að setja ávallt almannahagsmunum ofar sérhagsmunum, hvort heldur sínum eigin eða einstakra hópa.

Skipan, fundir og starfshættir:

Fjölskyldunefnd skal skipuð fimm fulltrúum, kosnum af bæjarstjórn Seltjarnarness í upphafi hvers kjörtímabils. Varamenn í nefndinni skulu jafnmargir aðalmönnum og kosnir á sama hátt. Bæjarstjórn skipar formann fjölskyldunefndar en ritari og varaformaður skulu kosnir af nefndinni á fyrsta fundi hennar.

Félagsmálastjóri situr fundi nefndarinnar, með málfrelsi og tillögurétt. Hann ber ábyrgð á að ákvörðunum og samþykktum nefndarinnar sé fylgt eftir. Starfsmenn félagssviðs sveitarfélagsins sitja fundi nefndarinnar eftir þörfum með málfrelsi og tillögurétt og eru nefndinni til ráðgjafar og aðstoðar við undirbúning og framkvæmd mála. Nefndin getur einnig boðið öðrum til fundar varðandi tiltekin mál.

Fulltrúar í nefndinni og þeir sem sitja fundi hennar eru bundnir þagnarskyldu. Óheimilt er að greina frá ummælum einstakra fundarmanna. Sama gildir um atriði sem aðilar fá vitneskju um og leynt skulu fara eðli máls samkvæmt. Þagnarskylda helst, þó að látið sé af störfum.

Formaður fjölskyldunefndar, eða varaformaður í forföllum hans, boðar eða lætur boða fundi í nefndinni með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Málsgögn skulu varðveitt með tryggilegum hætti þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að þeim. Boða ber til fundar ef þriðjungur eða fleiri aðalmanna í nefndinni æskir þess. Formaður kveður til fundar svo oft sem þurfa þykir, þó ekki sjaldnar en 6 sinnum á ári. Boðun varamanna skal vera í samræmi við bæjarmálasamþykkt.

Formleg erindi, fyrirspurnir og mál er fjölskyldunefnd berast skulu skráð í málaskrá bæjarins áður en þau eru tekin fyrir á fundum. Á sama hátt skal, eftir fund, skrá afgreiðslu mála í málaskrá. Skjalastjóri ber ábyrgð á að skráning og eftirfylgni málsgagna sé í samræmi við reglur Seltjarnarnesbæjar hverju sinni.

Nefndin getur enga ályktun gert nema meirihluti nefndarmanna sitji fund. Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það. Fundarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarherbergi nefndarinnar við umræðu og afgreiðslu þess, sbr. 3., 4. og 5. grein stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Ályktun fjölskyldunefndar, sem hefur í för með sér útgjöld umfram samþykktir bæjarstjórnar, skal ætíð send bæjarstjóra í sérstöku erindi. Bæjarstjóri leggur ályktunina fyrir bæjarráð til endanlegrar afgreiðslu. Nefndinni er að öðru leyti heimilt að afgreiða, án staðfestingar bæjarstjórnar, mál á verksviði hennar ef lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því og þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum atriðum.

Rita skal fundargerðir nefndarinnar í sérstaka fundargerðabók, sem heimilt er að tölvuskra. Fundargerð skal lesin upp í lok fundar og nefndarfulltrúar skulu staðfesta samþykki sitt með undirritun. Öll trúnaðarmál skulu færð í sérstaka trúnaðarmálabók og skal þess getið í fundargerðabók ef mál eru skráð í hana.

Samþykkt í bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar þann 6. júní 2018.

* Sérstaklega er hér átt við stjórnarsýslulög nr. 37/1993, upplýsingalög nr. 140/2012, sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, lög um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 10/2008, jafnræðisreglu 65. greinar stjórnarskrár, ásamt öðrum lögum, reglugerðum og auglýsingum er ótalin eru hér.

Samþykkt í bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar þann 11.12.2013. Breytingar á samþykktar í bæjarstjórn þann 18.6.2018

* Sérstaklega er hér átt við stjórnarsýslulög nr. 37/1993, upplýsingalög nr. 140/2012, sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 og lög um málefni aldraðra nr. 125/1999, ásamt öðrum lögum, reglugerðum og auglýsingum er ótalin eru hér.